

REGLUGERÐ
um (10.) breytingu á byggingarreglugerð, nr. 112/2012.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6.12.8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Fyrirsögn ákvæðisins verður svohljóðandi: *Sorpgerði og sorpskýli*.
- b. 1. mgr. orðast svo: Sorpgerði og sorpskýli skulu ekki vera fjær inngangi byggingar en sem svarar 25 m.

2. gr.

Í stað orðanna „umhverfis- og auðlindaráðherra“ í 2. mgr. 8.3.2. gr. reglugerðarinnar kemur: ráðherra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2021.

Ásmundur Einar Daðason.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.